

## Hvað þarf marga grunnskólakennara árið 2010?

Í síðasta [vefriti](#) var stuttlega sagt frá álit nefndar frá 1999 sem reyndi að spá fyrir um þörf fyrir grunnskólakennara fram til ársins 2010. Málin hafa þróast þannig að kennurum hefur fjölgað umtalsvert meira en nefndarálitíð gerði ráð fyrir. Því var spáð að árið 2005 yrði þörf fyrir 3.824 kennara skólaárið 2005 til 2006 en þeim myndi síðan fækka í 3.669 skólaárið 2009 til 2010. Var þá miðað við ákveðna spá um fjölda grunnskólanemenda og að hlutfall nemenda á hvern kennara yrði óbreytt frá því sem var 1998.

Nú hefur komið á daginn að spá um nemendafjölda stóðst ekki, þeir eru 700 fleiri en spáð var fyrir, og grunnskólakennarar ásamt sérkennurum voru orðnir 4.525 skólaárið 2005 til 2006, eða 701 fleiri en spáin.

Hvað þarf þá marga kennara árið 2010? Ef gert er ráð fyrir sama fjölda nemenda á hvern kennara og skólaárið 2005, þ.e.a.s. tæplega tíu nemendur á hvern kennara, og framreiknum fjölda grunnskólabarna út frá fæðingartölum þá verður þörf fyrir 200 færri

kennara árið 2010 frá því sem nú er. Aftur á móti, ef við gerum ráð fyrir sama hlutfalli og í nefndarálitinu, þ.e. 11,4 nemendur á hvern kennara, þá fækkar þeim enn frekar eða um rúmlega 800. Til samanburðar var þetta sama hlutfall 16,9 nemendur á hvern kennara innan OECD landanna, innan Evrópusambandsins þá er hlutfallið 15,3, en á hinum Norðurlöndunum er hlutfallið 11,7 (úr Education at a Glance 2006, tölur fyrir árið 2004).

Eins og sást í línuriti í síðasta vefriti þá hefur grunnskólakennurum fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum, þ.e. um 636 kennara frá 2000 til 2005 eða um 16%. Varla er hægt að gera ráð fyrir að þeim muni fjölga með sama hraða næstu árin.

Á vegum Evrópusambandsins hefur verið unnið að spá um þörf fyrir kennara til ársins 2014. Í stuttu máli þá er, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum, gert ráð fyrir því að innan Evrópusambandsins verði 165.000 fleiri kennarar á grunn- og framhaldsskólastigi en þörf er fyrir árið 2009.



### Málþing um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans og ný grunnskólalög

Um 250 manns tóku þátt í [málþingi um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans og ný grunnskólalög](#) á Hótel Nordica laugardaginn 25. nóvember sl. Menntamálaráðuneyti stóð fyrir þinginu í tengslum við heildarendurskoðun á grunnskólalögum. Málþingið var lokapunktur í víðtæku samráði sem efnt hefur verið til á þessu ári við endurskoðun laga um grunnskóla með það að markmiði að ná sem bestri samstöðu um framtíðarsýn í málefnum grunnskólans og leiðarljós nýrra grunnskólalaga. Á málþinginu voru fulltrúar víðs vegar að af landinu frá sveitarfélögum, skólastjórum, kennurum, foreldrum og ýmsum hagsmunaaðilum sem koma að málefnum grunnskólans auk fulltrúa af leikskóla- og framhaldsskólastigi. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra flutti ávarp í upphafi þingsins og í máli hennar kom m.a. fram að hún vonist til að full samstaða náist í nefndinni um frumvarp til nýrra grunnskólalaga á næstu mánuðum. Ráðherra telur að miklir möguleikar séu hér á landi til að þróa enn betri grunnskóla með það að markmiði að vera í fremstu röð í heiminum. Ráðherra óskar eftir einföldum, skýrum og sveigjanlegum lagaramma með velferð barna að leiðarljósi, með áherslu á fjölbreytni, valfrlsi, sjálfstæði skóla og sveigjanleika innan og milli skólastiga og að mikilvægt sé að ná samstöðu um lagarammann í þessum mikilvæga málaflökki.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir, formaður nefndar um endurskoðun grunnskólalaga, kynnti stöðuna við endurskoðun grunnskólalaga. Sölvi Sveinsson, skólameistari Verslunarskóla Íslands, Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu á menntasviði Reykjavíkur, Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands og Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands, fjölluðu um nokkur helstu álitamálin í tengslum við endurskoðun grunnskólalaga en framsöguerindi þeirra voru ætluð sem umræðuvaki. Mikil áhersla var lögð á virkni þátttakenda í umræðum um álitamálin og var nýjasta tækni óspart nýtt í því skyni en þinggestir gátu komið athugasemdum og ábendingum á framfæri með því að senda msn skeyti úr tölvum sem birtust jafnóðum á stóru tjaldi.

Efni frá þinginu er aðgengilegt á [vef menntamálaráðuneytis](#) ásamt ýmsum öðrum gögnum og nefnd um endurskoðun grunnskólalaga mun á næstunni vinna úr þeim athugasemdum og ábendingum sem fram komu á þinginu.

### Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar var stofnuð 23. nóvember sl. við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Með stofnun Útflutningsskrifstofunnar er leitast við að efla og skapa sóknarfæri til handa rétt höfum tónlistar. Markmið skrifstofunnar er að auka möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í tónlistarúrtrás og í að ná árangri í alþjóðlegum viðskiptum á þessu sviði. Með stofnun Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar er komið á fót þjónustu- og upplýsingamiðstöð fyrir tónlistargeirann í víðum skilningi og á sambærilegan hátt við það sem þekktist hjá Norðurlöndunum. Verkefni Útflutningsskrifstofu verður m.a. að byggja upp stoðkerfi íslenskra tónlistarmanna sem leita frama á alþjóðavettvangi, jafnframt því að stuðla að kynningu á íslenskrri tónlist á alþjóðlegum tónlistaráðstefnum og mörkuðum. Stofnaðilar Útflutningsskrifstofu íslenskrar

tónlistar eru Samtönn (samtök tónlistarréttihafa) og Landsbanki Íslands, en auk fjárframlaga frá stofnaðilum leggja utanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti til fjárframlög til reksturs Útflutningsskrifstofunnar. Árleg fjárframlög til reksturs skrifstofunnar nema 17,5 milljónum króna á ári yfir þriggja ára tímabil, þar af eru framlög ráðuneytanna 10 milljónir króna, sem skiptast þannig að menntamálaráðuneyti leggur til 5 milljónir króna, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti 2,5 milljónir króna og utanríkisráðuneyti 2,5 milljónir króna.

### Íslenskuskólinn komin í undanúrslit eLearning Awards

Af þeim 550 verkefnum sem bárust í samkeppni Evrópska skólanetsins, Nám á Neti, er búið að útfelna 100 verkefni sem komast í úrslit. Af þeim fimm íslensku verkefnum sem skráð voru til þátttöku er Íslenskuskólinn á topp 100 listanum. Íslenskuskólinn er skóli á Netinu fyrir íslensk börn á leik- og grunnskólaaldri sem búsett eru erlendis. Leiðarljós Íslenskuskólans er að:

- Byggja upp öflugan skóla á Netinu fyrir íslensk börn um allan heim þar sem fram fer fjölbreytt íslenskukennsla og menningarmiðlun.
- Þróa skólann áfram með sveigjanleika og þarfir notenda í huga.
- Skapa öruggt netsamfélag þar sem félagslegum þætti er sinnt með áhugaverðum og uppbyggilegum víðfangsefnum.

Sjá nánar á vef [Íslenskuskólans](#) og [Náms á neti](#).

